

Miðvikudaginn 23. mars 1994.

Nr. 127/1994.

**Skúli Friðfinnsson**

(Sigurður Eiríksson hdl.)

gegn

**Sædís hf.**

(Árni Pálsson hrl.)

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í o-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála með kæru 3. mars 1994, sem barst Hæstarétti ásamt kærumálgögnum 15. sama mánaðar. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að sóknaraðili leggi fram 200.000 króna málskostnaðartryggingu í peningum eða með óskilyrtri ábyrgð banka eða lánastofnunar. Til vara krefst hann staðfestingar hins kærða úrskurðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur. Frestur til að leggja fram málskostnaðartryggingu skal vera tvær vikur frá uppkvaðningu dóms þessa.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn kærði úrskurður er staðfestur, þó þannig, að frestur til að leggja fram málskostnaðartryggingu ákveðst tvær vikur frá uppkvaðningu dóms þessa.

Sóknaraðili, Skúli Friðfinnsson, greiði varnaraðila, Sædís hf., 30.000 krónur í kærumálskostnað.

### Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 17. febrúar 1994.

Í þessum þætti málsins krefst stefndi, Sædís hf., kt. 590881-0829, Kirkjuvegi 3, Ólafsfirði, þess, að stefnandi málsins, Skúli Friðfinnsson, kt. 180846-4849, Sólvöllum 19, Akureyri, setji tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar, sbr. b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi krefst þess að þessari kröfu stefnda verði hafnað og krefst úrskurðar dómsins um þennan ágreining svo og málskostnaðar að skaðlausu í þessum þætti málsins.

Röksemdir stefnda eru þær að ætla megi að fjárhagur stefnanda sé slæmur. Hann hafi verið úrskurðaður gjaldþrota þann 17. október 1991 og skiptum á búi hans lokið um ári síðar. Kveðst hann því hafa fulla ástæðu til að ætla að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Leggur stefndi til að málskostnaðartryggingin verði þannig að stefnandi afhendi dóminum bankabók sem innihaldi að minnsta kosti 200.000,- krónur.

Stefnandi kveðst hafa ágætær árstekjur og vera enn í fullu starfi, og það að gjaldþrotaskiptum á búi hans lauk þann 2. október 1992 segi ekkert um fjárhag hans í dag eða möguleika hans á að greiða umræddan málskostnað. Segir hann augljóst að hann sé fullfær um að greiða þann málskostnað sem á hann kynni að falla vegna þessa máls.

Fram er komið í þessum þætti málsins að bú stefnanda var tekið til gjaldþrotaskipta þann 7. október 1991 og lauk skiptum á búinu þann 2. október 1992 með því, að forgangskrafa, kr. 51.602,-, greiddist svo og kr. 589.602,- eða 16,48% af lýstum veðkröfum, en ekkert upp í almennar kröfur, að fjárhæð kr. 6.435.012,-.

Samkvæmt því, sem fram er komið, er stefnandi nú háseti hjá Útgerðarfélagi Akureyringa og hafi hann þar í tekjur síðustu 23 vikur liðins árs alls kr. 1.084.546,-. Samkvæmt framlögðum gögnum hafi hann á tímabilinu 16. janúar 1994 til 9. febrúar 1994 kr. 279.044,- í heildarlaun.

Þrátt fyrir það að stefnandi hafi með þessu sýnt, að hann hefur sémilegar launatekjur, þykir ekki verða fram hjá því horft hve tiltölulega skammt er síðan hann varð að lýsa sig gjaldþrota og hversu skammt eignir hans hrukku við skiptin til fullnustu kröfuhöfum. Að þessu athuguðu þykir stefndi hafa leitt nægilegar líkur að því að stefnandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar, og verður því krafa stefnda um, að stefnandi setji tryggingu fyrir greiðslu hans, tekin til greina, með vísan til b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991. Þykir tryggingin hæfilega ákveðin að fjárhæð kr. 100.000,-, og skal stefnandi afhenda hana til dómsins í formi peninga eða óskilyrtrar ábyrgðar banka- eða lánastofnunar í síðasta lagi þann 3. mars nk. kl. 13.30, er mál þetta verður næst tekið fyrir, að því viðlögðu að málinu verði ella vísað frá dómi.

Erlingur Sigtryggsson fulltrúi kvað upp þennan úrskurð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Stefnandi, Skúli Friðfinnsson, setji tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í máli þessu, að fjárhæð kr. 100.000,-, og skal hún hafa borið dómnum í formi peninga eða óskilyrtrar ábyrgðar banka- eða lánastofnunar í síðasta lagi þann 3. mars 1994 klukkan 13.30, er mál þetta verður næst tekið fyrir, að því viðlögðu að málinu verði ella vísað frá dómi.

---